

**Sp.**

**126. Fyrirspurn**

[115. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiðamál ráðherra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve hárrí fjárhæð námu gjöld sem felld voru niður af bifreiðum ráðherra á tímabilinu 1. janúar 1982—30. apríl 1985 samkvæmt ákvæðum 14. tl. 3. gr. laga um tollskrá o.fl. og hversu oft gátu ráðherrar nýtt sér heimild um niðurfellingu gjalda af bifreiðum? Óskað er að tilgreind verði bifreiðategund og upphæð gjalda, sem felld var niður á hverri bifreið á tímabilinu, á verðlagi ársins 1985.
2. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um bifreiðamál ríkisins, nr. 190 frá 30. apríl 1985, ber ríkissjóði að greiða ráðherra, er nýtir eigin bifreið til embættisstarfa, allan kostnað af rekstri bifreiða svo og fyrningarfé er nemur ár hvert 20% af virði bifreiðar.
  - a. Óskað er að gerð verði grein fyrir upphæð árlegs fyrningarfjár hefði samsvarandi ákvæði verið í gildi á tímabilinu 1. janúar 1982—30. apríl 1985 vegna þeirra bifreiða ráðherra sem um getur í tölul. 1.
  - b. Á hve löngum tíma má áætla að kostnaðarverð ofangreindra bifreiða sé að fullu endurgreitt miðað við ákvæði 10. gr. reglugerðarinnar, um að fyrningarfé skuli reiknað af endurnýjunarverði samsvarandi bifreiðar?
3. Hver er rekstrarkostnaður þeirra ríkisbifreiða sem ráðherrar höfðu til umráða á ofangreindu tímabili annars vegar og hins vegar rekstrarkostnaður eigin bifreiða ráðherra sem greiddur var af ríkissjóði? Upphæðir óskast tilgreindar fyrir hverja bifreið um sig á verðlagi ársins 1985.
4. Hversu margar ríkisbifreiðir hafa verið keyptar til umráða fyrir ráðherra á tímabilinu 1. janúar 1982—1. nóvember 1985? Fjöldi keyptra bifreiða á hverju ári óskast tilgreindur og andvirði hversrar bifreiðar á verðlagi ársins 1985.
5. Hversu oft hafa ráðherrar, sem látið hafa af störfum, keypt bifreið þá er þeir hafa haft afnot af meðan þeir gegndu embætti? Óskað er að tilgreind verði bifreiðategund og árgerð svo og kaupverð hversrar bifreiðar um sig á verðlagi ársins 1985.

Skriflegt svar óskast.